

**Minjaráð Austurlands**  
**fundur 23. nóvember 2016**  
**haldinn í fundarsal Austurbrúar, Vonarlandi Egilsstöðum**

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Þorvaldur P. Hjarðar, Elfa Hlín Pétursdóttir, Skúli Björn Gunnarsson. Forföll boðuðu Vala Garðarsdóttir, Marinó Stefánsson og Erla Dóra Vogler.

Dagskrá:

1. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum.
2. Verndarsvæði í byggð. Úthlutun styrkja til að undirbúa gerð tillagna um verndarsvæði í byggð.
3. Kynning á drögum um starfsreglur minjaráða.
4. Önnur mál.

Þuríður setti fund kl. 10.25 og gengið var til dagskrár. Skúli Björn tók að sér að rita fundargerð.

**1. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum**

Þuríður kynnti þessa landsáætlun og kallaði eftir því frá minjaráði að koma með hugmyndir að stöðum sem þyrfti að koma inn á skammtíma- eða langtímaáætlun út frá ferðapjónustunni. Inni í 2017 áætluninni eru ekki margir staðir, en þó nokkrir mikilvægir. Þorvaldur nefndi heiðarbylin og Elfa Hlín Vestdalseyrina á Seyðisfirði og fleiri staðir voru ræddir. Það er gert ráð fyrir að skilað verði inn lista í desember.

Rætt var um að hægt væri að hafa skráningu Ferðamálastofu á Auðlindum ferðapjónustunnar til hliðsjónar. Skúli Björn lagði til að Minjastofnun reyndi að fá aðgang að listum sem sveitarfélögin senda inn til að minjaráðin geti rýnt þá lista og séð hvort einhverjir staðir séu að gleymast.

Minjaráðsfulltrúar munu senda Þuríði lista yfir þá staði sem þeir telja að eigi að fara inn í langtímaáætlunina.

**2. Verndarsvæði í byggð. Úthlutun styrkja til að undirbúa gerð tillagna um verndarsvæði í byggð**

Þuríður sagði fjögur svæði á Austurlandi hafa fengið úthlutað í þessu: Seyðisfjörður, Vopnafjörður, Djúpivogur og Fljótsdalshérað fengu styrki til að undirbúa tillögur varðandi ákveðna gamla byggðakjarna eftir nýjum lögum. Þessu fylgja fjármunir til að geta unnið grunnvinnu vegna þessara svæða.

**3. Kynning á drögum að starfsreglum minjaráða**

Minjaráði sýndist flest hafa farið inn sem rætt var hjá því varðandi þetta á síðasta ári. Rætt var um að minjaráð og minjavörður mættu þó koma upp einhverju ákveðnu upplýsingaflæði. Ákveðið að kanna möguleikann að setja upp lokaðan Facebook hóp fyrir minjaráðsmeðlimi til að deila upplýsingum sín á milli. Markmiðið ekki síst að gera minjaverði kleift að virkja minjaráðsfulltrúana betur. Að öðru leyti gerir minjaráðið ekki athugasemd við þessi drög.

#### **4. Önnur mál**

##### **a. Um næstu fundi**

Þuríður sagði að sitt markmið væri að dreifa fundunum og hafa þá einhverja skoðunarferð inni í þeim þar sem verið væri að skoða minjar í leiðinni. Stefnt er að því að halda fjóra fundi á næsta ári til að reyna að koma starfsemi ráðsins í fast horf. Elfa Hlín lagði til að minjaráðsfulltrúar myndu koma með tillögur um gönguferðir og fleira inn á fundi og þannig yrði þá til verkefnalisti sem hægt væri að grípa til og skipuleggja viðburði og annað fram í tímann.

Einnig var rætt um mikilvægi þess að minjaráðin yrðu sýnileg og tengill við samfélagið til að ýta undir vitund fólksins um menningararfinn.

Næsti fundur verði haldinn um mánaðamótin febrúar og mars og mun Þuríður boða til hans. Stefnt á að halda hann á Djúpavogi.

##### **b. NPA- verkefni**

Skúli Björn gerði grein fyrir verkefni sem Gunnarsstofnun er að móta með aðilum í Skotlandi, Írlandi og Norður-Noregi og snýr að miðlun á menningararfi og að hluta til skráningu líka. Minjastofnun er með aukaaðild að verkefninu. Verið er að sækja um 3ja ára verkefni til NPA-norðurslóðaáætlunar ESB um þessar mundir.

##### **c. Svæðisskipulag Austurlands**

Þuríður sagði frá því að verið væri að skoða hvort skráning fornleifa á Austurlandi færi inn í svæðisskipulagsgerðina. Minjaráð lýsti yfir ánægju sinni með að verið væri að skoða það.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12.*

Þuríður Elísa Harðardóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Elfa Hlín Pétursdóttir

Þorvaldur P. Hjarðar